

**Kennari:**  
Brynja Stefánsdóttir

**Kennslufyrirkomulag:**  
Verkleg og bókleg kennsla í náttúrufræðistofu

**Tímafjöldi:**  
6 kennslustundir á viku

**Bekkur:**  
2. bekkur

## Náttúruvísindi

Megintilgangur náttúruvísinda í smiðjum er að auka vægi náttúrugreina í starfi nemenda. Að bjóða upp á vettvang þar sem nemendur geta unnið í minni hópum að viðfangsefnum. Slíkt gefur frekari tækifæri til að vinna að verklegum athugunum í formi tilrauna eða STEAM hjá yngri nemendum. Smiðjan vinnur að því að auka jákvæðni til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis líkt og Aðalnámskrá grunnskóla, 2013 tekur fram sem hluta að menntagildum og megintilgang náttúrugreina. Horft er til vísindalæsis og mikilvægi þess ásamt því að læra á vinnubrögð greinanna og þeirra tækja og tóla sem nýtt eru í kennslu þeirra.

2. bekkur tekur fyrir viðfangsefnið, humlur. Horft er til umhverfis þeirra og tilgang þeirra til hringrásar lífsins. Að skoða lífsferil og hegðun humla og hvernig þær hafa áhrif á líf í kring um okkur er megintilgangur smiðjunnar. Að opna á virðingu fyrir öðrum lífverum og skilja að hver og ein lífvera hefur mikilvægan tilgang í lífríkinu.

## Vísindasmiðja

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
		<b>Náttúrugreinar:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>- sýnt lífverum í nánasta umhverfi virðingu.</li><li>- gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni.</li><li>- gert sér grein fyrir hvernig líf okkar þarf á náttúrunni að halda.</li><li>- sagt frá einföldum athugunum úti og inni.</li></ul>	

Lífverur	Humlur - Rafbók og lesbók	- framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.	Hópavinna Einstaklingsvinna Sýnikennsla Athuganir/tilraunir Leiðsögn Samvinna
Umhverfi	Útprintað efni frá kennara	- tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.	
Náttúra	Smásjá	- skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.	
Tilraunir	Stækkunargler	- hlustað á og rætt hugmyndir annarra.	
	Annar efniviður úr náttúru- fræðistofu	- útskýrt einkenni lífandi vera. - sagt frá hvernig lífverur lifa og búa. - lýst algengum lífverum í nánasta umhverfi sínu. - útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðanda.	
		<b>Skólafærni:</b>	
		- Getur hlustað eftir upplýsingum.	
		- Getur gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu.	
		- Getur unnið eftir fyrirmælum.	
		- Getur unnið í hópi.	
		- Sýnir virðingu og kurteisi í samskiptum.	
<b>Námsmat:</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.		

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága